

37. Fundur Umhverfis og náttúruverndarnefndar

Þann 10. feb 2021.

Klukkan 14:00 á fjarfundi.

Mættir: Rúnar Þorri Guðnason formaður, Jóna Björk Jónsdóttir ritari, Þormar Jóhannsson, Jón Geir Ólafsson (varamaður Þuríðar H. Benediktsdóttir sem boðaði forföll) og Pálína Pálsdóttir (varamaður fyrir Heiðu Guðný Ásgeirsdóttir sem boðaði forföll).

1. Plokkdagurinn 24. apríl

Auglýsa þarf plokkdaginn. Óskum við eftir því að Sveitarfélagið skaffi glæra ruslapoka og keyri um og ná í rusl þar sem gott er að safna því saman. Athuga þarf hvort ungmennafélögin séu til í að taka þátt í átakinu og jafnvel grunnskólinn. Gaman væri að fá styrk til að verðlauna þá sem taka þátt – t.d. með kók og prins eða grillveislu ef covid leyfir.

2. Kortlagning á framandi plöntutegundum í Skaftárhreppi

Pálína kynnir verkefnið Náttúrustofa Suðausturlands sem óskar eftir því að fara af stað með að kortleggja framandi plöntutegundir í Skaftárhreppi. Verkefnið mun taka þrjú ár og verður unnið frá loftmyndum og öðrum upplýsingum.

Pálína Pálsdóttir vísar af fundi.

Nefndin fagnar framtakinu.

Pálína kemur aftur inn á fund.

3. Strandverðir Íslands.

Nefndin hefur fengið erindi frá Strandvörðum Íslands sem vilja hreinsa fjörur sveitarfélagsins og óska eftir samstarfi við Skaftárhrepp.

Nefndin tekur vel í verkefnið og hvetur sveitarfélagið til að hafa samband við bréfitara með áframhaldandi samtal.

4. Núpsvötn.

Nefndin telur verkefni þarft og gott og hefur engar athugasemdir við framkvæmdina.

5. Sorpmál.

Enn vantar sómasamlegan nytjagám – það er í vinnslu.

Merkingar eru að mestu komnar upp – það sem eftir er, er í ferli.

Nefndin óskar eftir frekari upplýsingum um stöðuna í sorpmálum og upplýsingum frá sveitarstjórn um hvernig aðkoma nefndarinnar á að vera að þessum málum.

Fundi slitið klukkan 15:35.